



Reykjavík 3 .maí 2018

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Efni: Frumvarp til breytingar á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og breytinga á lögum um fjarskipti.

I. Inngangur

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónusta), eins og það birtist á vef Alþingis til umsagnar, 20. apríl s.l. Veittur var frestur til að skila athugasemdum við frumvarpið til 4 maí. Míla hefur áður gert athugasemdir við drög að frumvörpum til breytinga á lögum nr. 69/2003 annars vegar og laga nr. 81/2003 eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Míla mun hér á eftir fyrst og fremst gera athugasemdir við breytingar á ákvæðum laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Áður en vikið verður að athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins telur Míla rétt að gera nokkrar almennar athugasemdir:

II. Almennar athugasemdir:

Míla ber nú þegar alþjónustuskyldur og hefur gert allt frá því að fyrirtækið tók til starfa árið 2007.

Frá árinu 2013 hefur Míla eitt fjarskiptafyrirtækja borið alþjónustuskyldur, þrátt fyrir að starfa eingöngu á heilidsölustigi, en Míla veitir enga þjónustu beint til endanotenda. Samkvæmt þeim ber Mílu að veita "tengingu við almenna fjarskiptanetið". Gildir útnefning Mílu sem alþjónustuveitanda til 31. desember 2020 með möguleika á framlengingu til 31. desember 2022. Í kvöðinni felst m.a. að Mílu ehf. er skylt að útvega fyrrnefnda tengingu við almenna fjarskiptanetið og bera við það kostnað sem getur numið allt að 650.000 kr. (án vsk.) fyrir hverja heimtaug.

Árið 2012 lagði Míla inn umsókn um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2013 vegna taps er orsakast af alþjónustukvöð á tilteknum svæðum. Míla kaus að halda umsókn sinni fyrir það ár ekki til streitu þar sem að almenn gjaldskrárhækkun fyrir árið 2013 var samþykkt. Hins vegar ríkir samkeppni í innviðum einkum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri auk þess sem að sveitarfélög hafa byggt upp ljósleiðarainnviði víða um land. Míla er því ekki í þeirri stöðu að geta hækkað verð almennt til þess að veita upp á móti tapi á óarðbærum svæðum, en ljóst er að Míla hefur þurft að byggja upp og viðhalda óhagkvæmu neti til þess að standa undir skyldum vegna alþjónustu. Míla sótti því um framlag úr jöfnunarsjóði að nýju árið 2016 fyrir árið 2017 og



aftur fyrir árið 2018, en ljóst er að fyrirtækið verður fyrir umtalsverðu tapi á tilteknum svæðum sem er að mati Mílu ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Umsókn Mílu um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu er ennþá til meðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun

Míla dregur í efa að unnt sé að útvíkka inntak alþjónustu með þeim hætti sem boðað er í drögunum, þar sem að núgildandi réttarheimildir á grundvelli EES samningsins veita að mati Mílu eingöngu heimild til að kveða á um tiltekin gagnaflutningshraða. Að mati Mílu er verið að heimila stjórnvöldum að taka matskenndar ákvarðanir um það hvað teljist vera nothæf internetþjónusta sem samræmist að mati Mílu ekki ákvæðum alþjónustutilskipunar nr. 22/2002 og er verulega íþyngjandi fyrir alþjónustuveitanda.

Þá gerir Míla athugasemd við það að ekki virðist hafa verið gerð á því nokkur rannsókn eða útreikningar af hálfu stjórnvalda á því hvað mikið það muni kosta að uppfylla þessar auknu alþjónustukvaðir, en ljóst er að þær eru verulega fjárhagslega íþyngjandi fyrir alþjónustuhafa. Ekki er heldur gerð grein fyrir því hvernig ríkisvaldið ætlar að bæta alþjónustuhafa það tap sem leiðir af því að inntak alþjónustu verður víkkað út. Lögin eru ekki nægilega afgerandi hvað þetta varðar og frumvarpið bætir ekki úr þeirri réttaróvissu. Í dag hefur verið skilgreint tiltekið þak á þeirri fjárhæð sem alþjónustuveitanda ber að leggja til vegna einstakra heimtauga. Verði þetta frumvarp að lögum og skilgreining inntaks alþjónustu víkka út, þá mun það leiða mikillar aukinnar ósanngjarnrar byrði á alþjónustuveitanda og lögin verða að gera ráð fyrir að það verði að fullu bætt. Míla bendir á að jöfnunarsjóði alþjónustu er ætlað að jafna út byrði vegna alþjónustukvaða, þannig að hún sé borin af fjarskiptamarkaðnum í heild en sé ekki borin uppi af hinu útnefnda alþjónustuveitanda eingöngu.

Ljóst er að hvati til aukinna fjárfestinga einkafyrirtækja hefur ekki verið við lýði á undanförunum árum. Flæði fjármagns úr einkaleyfisverndaðri starfsemi sem einbeitir sér að uppbyggingu á arðbærari svæðum, s.s. höfuðborgarsvæðinu, hefur grafið undan tekjustofnum alþjónustuhafa og skekkt verulega samkeppnishæfni og dregið úr mætti til að fjárfesta í fjarskiptainnviðum í hinum dreifðari byggðum og rýrt verðmæti þeirra fjárfestinga sem þegar hafa verið lagðar í uppbyggingu fjarskiptainnviða. Þá hefur þetta leitt til þess að ríkið hefur í auknum mæli þurft að styrkja uppbyggingu innviða.

Breytingar í umhverfi fjarskipta frá því að einn aðili sá um nánast alla alþjónustu og til þess að fjölmargir geta veitt og veita slíka þjónustu hefur leitt til þess að mati Mílu að ekki er rétt að leggja slíka skyldur á eitt félag og rétt að mati Mílu að leggja niður kvaðir um alþjónustu. Þá er hægt að uppfylla kröfur um nothæfa internetþjónustu með fjölbreyttum tæknilausnum, en enginn einn lögaðili hefur yfir þeim öllum að ráða. Fyrir liggur að fjölmargir eigendur innviða munu verða best til þess fallnir að veita fjarskiptafélögum nauðsynlega þjónustu svo hægt sé að bjóða nothæfa internetþjónustu á mismunandi stöðum.

Að framansögðu er ljóst að Míla telur að miðað við stöðuna á markaði í dag, sé ekki nauðsynlegt að útnefna alþjónustuveitanda. Verði það þó raunin á einhverjum svæðum þá ber að útnefna aðila sem veitir alþjónustu til endanotanda, eins og meginreglan er í öðrum löndum í Evrópu. Það að útnefna fyrirtæki eins og Mílu sem veitir eingöngu fjarskiptafyrirtækjum aðgang að neti sínu tryggir ekki að notandi fái þá alþjónustu sem lög gera ráð fyrir.



Þá leggur Míla áherslu á að kvöð um alþjónustu eigi ekki að vera ósanngjörn byrði fyrir alþjónustuveitanda og að tryggt sé að hann fái tap vegna alþjónustukvaða bætt. Til að uppfylla alþjónustu skal að mati Mílu ávallt leita hagkvæmustu lausnar sem mögulegt er. Míla telur að það samrýmist upprunalegri alþjónustutilskipun að unnt sé að veita alþjónustu óháð tækni eins og ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu.

Míla tekur fram að fyrirtækið er ekki að andmæla því markmiði sem útvíkkun inntaks alþjónustu er ætlað að ná. Hins vegar bendir Míla á að slík löggjöf þarf að samrýmast skuldbindingum á grundvelli EES samningsins og að kostnaður sem hlýst af slíkri löggjöf má ekki eingöngu lenda á alþjónustuhafa og skekkja þannig samkeppnisstöðu hans.

III. Athugasemdir við einstakar tölusettar greinar frumvarpsins.

1. Um 2. gr.

Míla vísar til athugasemda sinna hér að framan varðandi efasemdir um að ákvæði um að leggja megi skyldu á alþjónustuhafa að veita "nothæfa internetþjónustu" samræmist EES samningnum og gerir því athugasemd við fyrirhugaða breytingu á skilgreiningu er varðar inntak alþjónustu.

2. Um 3. gr.

Míla vísar enn til almennra athugasemda sinna hér að framan og athugasemda við 2. gr. frumvarpsins varðandi efasemdir um að ákvæði um að leggja megi skyldu á alþjónustuhafa að veita "nothæfa internetþjónustu" samræmist EES samningnum. Þá telur Míla mikilvægt að verði ákvæðið að lögum sé það afmarkað skýrt í ákvæðinu sjálfu hvað átt er við með nothæfri internetþjónustu þannig að ráðherra hafi í það minnsta skýrari ramma varðandi breytingar á inntaki alþjónustu.

Míla fagnar aftur á móti breytingum í 3. gr. frumvarpsins er varðar tæknioháæði og er sammála því að sú breyting rúmist innan núgildandi regluverks. Telur Míla að það sé tvímælalaust til bóta að falla frá því að alþjónusta skuli veitt um fastan tengipunkt. Míla áréttar hins vegar að réttur til alþjónustu er eingöngu bundin við tiltekið staðfang eða heimilisfang.

3. Um 4. gr.

Míla fagnar því að felt skuli vera niður ákvæði um að gjaldskrá fyrir alþjónustu skuli vera hið sama um allt land.



4. Um 5. gr.

Míla leggur áherslu á að útvíkkun á inntaki alþjónustu mun leiða af sér meiri byrði á alþjónustuveitanda. Míla leggur áherslu á að sú byrði á að jafnast út á fjarskiptamarkaðinn í heild og vísast um það til umfjöllunar Mílu í athugasemdum þessum og jafnframt til greinargerðar sem fylgir frumvarpi þessu.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að útboðsskylda verði ekki fortakslaus. Míla leggur áherslu á að þetta ákvæði verði eingöngu notað í undantekningartilvikum og verði að beita með mikilli varkárni.

Virðingarfyllst,

f.h. Mílu ehf.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Auður Inga Ingvarsdóttir".

Auður Inga Ingvarsdóttir

forstöðumaður lögfræðipjónustu